



Gjaldeyrismarkaðurinn

Mánaðarlegt yfirlit


21. september 2018

- Í síðustu viku, þegar krónan hafði veikst um tæplega 7% frá mánaðarmótum og um rúmlega 2% innan dags, greip Seðlabankinn inn í og seldi 9 milljónir evra.
- Þetta eru fyrstu inngríp Seðlabankans síðan í nóvember 2017, þegar bankinn keypti 3 milljónir evra.
- Í lok dags í gær var evran í 129,3. Evran er núna á svipuðum stað og í september 2016, en þá fór hún undir 130 og hafði haldið sér þar þangað til í síðustu viku.
- Alls hefur evran hækkað um 4,2% frá áramótum. Bandaríkjadalur hefur hækkað nokkuð meira, eða um 6,1%, en hann hefur styrkst á móti evrunni á árinu.
- Veltan í ágúst var 12,1 ma.kr. sem er svipað og í júlí. Það sem af er september, þ.e. til og með 18. september, er veltan kominn upp í 21 ma.kr.
- Raungengi styrktist um 1,7% milli ára í ágúst, nafngengið um 1,1%.

	20.9.2018	MTD	YTD	1M	3M	12M
GVT	167,0	2,5%	3,3%	2,7%	0,6%	-0,7%
EUR	129,3	3,6%	4,2%	4,2%	2,4%	0,8%
USD	109,7	2,1%	6,1%	1,6%	0,5%	1,8%
GBP	145,6	4,5%	4,3%	5,4%	1,3%	0,1%
DKK	17,3	3,6%	3,9%	4,2%	2,3%	0,5%
NOK	13,5	5,1%	6,9%	5,3%	0,9%	-1,7%
SEK	12,5	6,4%	-0,8%	6,0%	1,8%	-7,0%
CHF	114,4	3,1%	7,8%	5,0%	4,5%	3,0%
JPY	0,98	0,8%	6,4%	-0,6%	-1,2%	1,6%

Heimild: Thomson Reuter Eikon


Gengisþróun




Síðasta dags. 20. september 2018
Heimild: Thomson Reuters Eikon




Af gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar hefur einungis sænska krónan lækkað síðan um áramót.




Veltan í ágúst var svipuð og í júlí.




Flóktið á evru/krónu krossinum jókst aftur í síðustu viku.




Mesta hreyfing milli daga var á föstudag, þegar evran lækkaði um 2%.




Seðlabankinn greip inn á markaðinn á þriðjudag í síðustu viku. Þetta eru fyrstu inngrip síðan í nóvember í fyrra.



Óveruleg breyting hefur orðið á gjaldeyrisforðanum síðan um mitt ár 2017.




Um 276 þúsund erlendir gestir fóru um Leifsstöð í ágúst.




Heimild: Ferðamálastofa

Það er 2,8% samdráttur milli ára.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. ágúst 2018
Heimild: Ferðamálastofa

Samkvæmt bráðabirgðatölum var 14,5 ma.kr. halli á vöruskiptum við útlönd í ágúst.




Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var jákvæður um 15,7 ma.kr. í ágúst samanborið við 21,1 ma.kr. í ágúst 2017.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. ágúst 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raungengi m.v. hlutfallslegt verðlag í ágúst er tæplega 20% sterkari en í byrjun árs 2016.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. ágúst 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands


Raungengi styrktist um 1,7% milli ára í ágúst, nafngengið um 1,1%.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. ágúst 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands




Vaxtamunur við evru hefur hækkað á lengri enda vaxtarófsins síðan um áramót.



Síðasta dags. 20. september 2018
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Í júlí jukust innlán innlendra aðila í evrum, en lækkuðu í bandaríkjadöllum.



Innlán innlendra aðila í erlendum gjaldeyri. Mánaðarleg gögn.
Síðasta dags. 31. júlí 2018
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.